


RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1992

XV


NÝ RÚST FUNDIN Á  
STÓRUBORG  
Könnunarferð 17. október

Mjöll Snæsdóttir



FORNLEIFADEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1992 REYKJAVÍK



*Staður sem fjallað er um í skýrslunni.*

(C) 1992 Mjöll Snæsdóttir

Rit þetta má ekki afrita á neinn hátt, að hluta eða í heild án leyfis höfundar.

Skýrslan er fjölrítuð í 10 eintökum


*Forsíða: Horft yfir meinta rúst. Ljós. G.Ó.*

## Meint útihús norðan bæjarhóls

### á Stóruborg undir Eyjafjöllum

Í októbermánuði 1992 hafði Þórður Tómasson safnstjóri í Skógum undir Eyjafjöllum samband við mig og sagði mér að Bakkakotsá væri að skola fram grjótdreif nærri bæjarhól Stóruborgar undir Eyjafjöllum, þar sem fornleifarannsóknir stóðu á árunum 1978-1990.

Laugardaginn 17.október fórum við Guðmundur Ólafsson til að skoða aðstæður. Bæjarhóllinn sjálfur er nær á kafi í sandi, en við grashól norðan hans, líklega um 200 metra norðan við bæjarhólinn má sjá mannvistarleifar þær er Þórður hafði tekið eftir.



*Horft til norðurs yfir grjótdreifina sem Bakkakotsá hefur hreinsað fram.*

Á svæði sem var 18-19 metra langt og mest 4 metra breitt var dreif af grjóti, bæði hellur og mógrjót. Bakkakotsá beygir nú til austurs rétt norðan við grashólinn og er grjótdreifin fast við ána. Hellurnar eru svipaðar og þær sem voru í gólfum í Stóruborgarrústunum.

Engar gólfleifar voru sjáanlegar, og Þórður taldi sig ekki hafa séð neitt slíkt heldur.

Við teiknuðum upp grjótdreifina eins og hún sást, en gerðum ekki tilraun til að grafa neitt umhverfis. Helst var að sjá að ekki væri nema sandur allt um kring og steinar lægju allir í sandi. Hvergi var torfveggi að sjá. Tókum nokkrar ljósmyndir af svæðinu.

Rétt væri að líta betur á svæðið næsta sumar, þó er óvíst að hægt sé að fá öllu meiri vitneskju um mannvirki það er þarna stóð.

### Niðurstaða

Ekki verður sagt með neinni vissu um gerð hússins, stærð eða notkun. Þó er líklegt að þetta hafi verið útihús af einhverju tagi, vegna þess að það er spottakorn frá bæjarrústunum sjálfum. Miðað við hve lítið var af hleðslugrjóti, mætti geta þess til að húsið hefði verið úr torfi aðallega, en hellurnar væru úr gólfi eða þaki.

### Lausafundir

Þórður Tómasson hafði tínt nokkra smáhluti af þessum stað. Þeir voru:

- 1 brot úr glimmerskífer, eflaust úr kvarnarsteini, 10 x 5 x 1,5 cm.
- 2 rauður jaspismoli, 3 x 2,5 x 2,5 cm.
- 3 tveir molar af gjalli (?), 7 x 4,5 x 2 og 6,5 x 5,5 x 3 cm.
- 4 brot úr bronspotti, 5 x 3,5 cm.
- 5 eyra af bronspotti, óheilt h. 3 cm.

STÓRABORG 1992  
Hús 56  
17. 10. 1992

- Flatar hellur
- Steinar

0 m 5 m

BAKKAKOTSÁ

